

Fréttatilkynning:

## Ársreikningar Akureyrarbæjar:

# Akureyrarbær stendur traustum fótum í erfiðu árferði

**Rekstur Akureyrarbæjar hefur ekki farið varhluta af erfiðu ástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Reksturinn gekk vel á síðasta ári en hátt gengi og erfitt efnahagsumhverfi setja mark sitt á fjármagnsliði. Ársreikningar fyrir árið 2008 voru lagðir fram í bæjarráði í dag. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður hann til umfjöllunar í bæjarstjórn Akureyrar 5. og 19. maí nk.**

Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfseminni er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, Fasteignir Akureyrarbæjar, Framkvæmdamiðstöð og Eignasjóð gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þeirra er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtækin eru: Félagslegar íbúðir, Fráveita Akureyrarbæjar, Strætisvagnar Akureyrarbæjar, Öldrunarheimili Akureyrarbæjar, Framkvæmdasjóður Akureyrarbæjar, Bifreiðastæðasjóður Akureyrarbæjar, Hafnarsamlag Norðurlands, Norðurorka hf, Heilsugæslustöðin á Akureyri, Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar og Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.

Grunnrekstur A- og B hluta Akureyrarbæjar, fyrir fjármagnsliði, gekk í meginatriðum vel og að mestu í samræmi við áætlanir og sjóðsstreymi var ágætt. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 359 millj. króna en rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 5.065 millj. kr. eftir fjármagnsliði sem skýrist nær alfarið af reiknuðum liðum, vegna veikingar íslensku krónunnar og verðlagsbreytinga.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 1.217 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 1.432 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 2.895 millj.kr. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals 3.186 millj.kr. Afborgun langtímalána nam 581 millj.kr. Ný langtímalán námu 4.027 millj.kr. en Akureyrarbær lauk að mestu fjármögnun ársins 2009 í desember 2008. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 1.723 millj.kr. og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok 3.455,5 millj.kr.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 5.962.434 þúsundir króna. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.535 sem er aukning um 33 frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins, í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 55,4%. Annar rekstrarkostnaður var 34,9% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 383 þús.kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 798 þús.kr. á hvern íbúa. Árið 2007 voru skatttekjurnar 356 þús.kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 763 þús.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir sveitarfélagsins bókfærðar á 27.705 millj.kr., þar af eru veltufjármunir 4.984 millj.kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum nema samkvæmt efnahagsreikningi 23.047 millj.kr., þar af eru skammtímaskuldir 5.069 millj.kr. Veltufjárhlutfallið er 0,98 í árslok, en var 1,11 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 4.659 millj.kr í árslok en nam árið áður 9.720 millj. kr.

**Helstu niðurstöðutölur úr rekstrarreikningi og sjóðstreymisyfirliti samstæðureiknings Akureyrarbæjar árið 2008 má sjá í eftirfarandi töflu:**

**Úr rekstraryfirliti og sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2008:**

Þúsundir króna	Niðurstaða	Áætlun
Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs	6.705.070	6.526.025
Tekjur málaflokka og rekstrartekjur veitna	7.272.714	7.135.863
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>13.977.784</b>	<b>13.661.888</b>
Rekstrargjöld:		
Laun, og launatengd gjöld ásamt breytingu á lífeyrisskuldbindingu	7.749.071	7.423.911
Annar kostnaður	4.883.732	4.564.891
Afskriftir	985.903	992.907
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>13.618.706</b>	<b>12.981.709</b>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	359.078	680.179
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(5.232.291)	(3.830.250)
Tekjuskattur ársins	167.288	225.465
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(5.065.003)</b>	<b>(3.604.785)</b>

Veltufé frá rekstri	1.217.218	1.565.020
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	2.758.029	2.632.771
Handbært fé í árslok	3.455.483	1.299.879

### Efnahagsreikningur

Helstu niðurstöðutölur samstæðu efnahagsreiknings 31. desember 2008 má sjá í töflu hér að neðan og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árið 2007.

### Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings í árslok 2008 og 2007

Þúsundir króna

Eignir	31. des. 2008	31. des. 2007
Óefnislegar eignir	275.959	304.620
Fastafjármunir	20.541.747	18.778.150
Veltufjármunir	4.983.701	3.263.872
Áhættufjármunir og langtímakröfur	1.904.449	1.667.380
<b>Eignir samtals</b>	<b>27.705.856</b>	<b>24.014.022</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Skammtímaskuldir	5.069.088	2.944.505
Langtímaskuldir	16.484.798	10.264.409
Lífeyrisskuldbindingar	1.492.554	1.084.664
Eigið fé	4.659.416	9.720.444
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>27.705.856</b>	<b>24.014.022</b>

Meðfylgjandi er einnig úr skýringum með ársreikninginum, þar sem fram kemur heildaryfirlit um rekstur, yfirlit um lykiltölur og hvernig heildartekjur og gjöld í hlutfalli við tekjur greinast síðustu 3 ár á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

### Heildaryfirlit um rekstur

22. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Skatttekjur .....		7.153.555	7.153.555	6.937.000
Félagsþjónusta .....	1.916.840	1.223.575	( 693.265 )	( 788.932 )
Heilbrigðismál .....	15.637	0	( 15.637 )	( 15.605 )
Fræðslumál .....	4.339.488	460.624	( 3.878.864 )	( 3.796.450 )
Menningarmál .....	545.014	154.867	( 390.147 )	( 365.974 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	1.241.587	298.241	( 943.346 )	( 944.480 )
Brunamál og almannavarnir .....	309.178	164.854	( 144.324 )	( 128.705 )
Hreinlætismál .....	165.938	107.202	( 58.736 )	( 62.224 )
Skipulags- og byggingarmál .....	271.734	29.532	( 242.202 )	( 177.680 )
Samgöngumál .....	446.682	24.018	( 422.665 )	( 359.778 )
Umhverfismál .....	194.870	3.479	( 191.391 )	( 181.845 )
Atvinnumál .....	111.568	41.316	( 70.252 )	( 67.537 )
Sameiginlegur kostnaður .....	771.583	181.490	( 590.093 )	( 501.696 )
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	414.556	0	( 414.556 )	( 188.400 )
Fjármagnsliðir .....	765.109	2.219.665	1.454.556	1.566.999
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>11.509.784</b>	<b>12.062.418</b>	<b>552.633</b>	<b>924.693</b>
<b>A hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður gatna .....	136.176	111.222	( 24.954 )	( 35.934 )
Fasteignir Akureyrarbæjar .....	4.142.420	1.510.358	( 2.632.062 )	( 2.621.401 )
Framkvæmdamiðstöð .....	463.699	411.437	( 52.262 )	( 34.414 )
Innri færslur A hluta .....	( 1.932.806 )	( 1.932.806 )	0	0
<b>A hluti samtals</b>	<b>14.319.273</b>	<b>12.162.629</b>	<b>( 2.156.644 )</b>	<b>( 1.767.056 )</b>

## 22. Frh.

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
B hluta fyrirtæki:				
Bifreiðastæðasjóður .....	11.371	9.767	( 1.604 )	( 6.527 )
Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar .....	( 445 )	0	445	436
Félagslegar íbúðir .....	419.374	150.759	( 268.615 )	( 287.832 )
Framkvæmdasjóður .....	83.270	0	( 83.270 )	( 35.251 )
Fráveita .....	331.111	286.560	( 44.551 )	( 42.347 )
Gjafasjóður Öldrunarstofnunar .....	1.813	2.355	542	( 3.738 )
Hafnasamlag Norðurlands b.s. ....	251.323	235.374	( 15.949 )	( 58.839 )
Heilsugæslustöðin á Akureyri .....	557.071	541.731	( 15.340 )	( 13.685 )
Norðurorka hf. ....	4.346.181	1.980.518	( 2.365.663 )	( 1.272.612 )
Strætisvagnar Akureyrar .....	153.560	144.007	( 9.553 )	( 14.661 )
Öldrunarheimili .....	1.379.681	1.337.281	( 42.400 )	( 38.673 )
Innri færslur A og B hluta .....	( 653.530 )	( 715.930 )	( 62.400 )	( 64.000 )
<b>A og B hluti samtals</b>	<b>21.200.053</b>	<b>16.135.051</b>	<b>( 5.065.003 )</b>	<b>( 3.604.785 )</b>

## 45. Heildartekjur sveitarfélagsins og heildargjöld í hlutfalli af heildartekjum greinast þannig, í þúsundum króna, á verðlagi hvers árs.

Tekjur	2008	Hlutfall af heildart.	2007	Hlutfall af heildart.	2006	Hlutfall af heildart.
	Útsvör .....	4.943.307	35,4%	4.494.964	34,1%	3.972.688
Fasteignaskattur .....	724.456	5,2%	583.460	4,4%	475.409	4,3%
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarf. ....	1.037.307	7,4%	1.071.634	8,1%	854.998	7,7%
Skatttekjur .....	6.705.070	48,0%	6.150.058	46,7%	5.303.095	47,8%
Þjónustutekjur .....	3.224.941	23,1%	2.993.938	22,7%	2.894.357	26,1%
Eignatekjur .....	630.863	4,5%	718.225	5,5%	452.977	4,1%
Endurgreiðslur .....	3.393.761	24,3%	3.194.884	24,3%	2.335.992	21,0%
Aðrar tekjur .....	23.149	0,2%	108.099	0,8%	112.423	1,0%
Heildartekjur samtals .....	13.977.784	100,0%	13.165.204	100,0%	11.098.844	100,0%
<b>Gjöld</b>						
	2008	Hlutfall af heildart.	2007	Hlutfall af heildart.	2006	Hlutfall af heildart.
Launaliðir .....	7.749.071	55,4%	6.767.132	51,4%	6.602.244	59,5%
Annar rekstrarkostnaður .....	4.883.732	34,9%	4.682.002	35,6%	3.594.243	32,4%
Afskriftir .....	985.903	7,1%	955.943	7,3%	913.402	8,2%
Fjármagnsliðir, nettó .....	5.429.994	38,8%	( 900.220 )	( 6,8% )	1.015.704	9,2%
Áhrif dótturfélaga .....	6.675	0,0%	612	0,0%	0	0,0%
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	154.700	1,1%	( 5.300 )	0,0%	37.005	0,3%
Skattar .....	( 167.288 )	( 1,2% )	80.453	0,6%	( 707.848 )	( 6,4% )
	19.042.787	137,3%	11.580.622	88,1%	11.454.750	103,2%
Rekstramiðurstaða .....	( 5.065.003 )	( 36,2% )	1.584.582	12,0%	( 355.906 )	( 3,2% )

*Í þúsundum króna á íbúa:*

Íbúafjöldi .....	17.522	17.253	16.822
Heildartekjur .....	798	763	660
Skatttekjur á íbúa .....	383	356	315
Launaliðir .....	442	392	392
Annar kostnaður og afskriftir .....	335	327	268
Fjármagnsliðir, nettó .....	310	( 52 )	60

## Lykiltölur

44. Yfirlit um lykiltölur:

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
<i>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</i>				
Skatttekjur .....	57,3%	57,7%	40,5%	41,0%
Framlög jöfnunarsjóðs .....	10,4%	10,5%	7,4%	7,5%
Aðrar tekjur .....	32,3%	31,7%	52,0%	51,5%
Laun og launatengd gjöld .....	59,2%	57,3%	55,4%	53,6%
Laun og launatengd gjöld án breytinga lifeyrisskuldbindinga .....	55,1%	55,4%	52,3%	51,6%
Annar rekstrarkostnaður .....	38,8%	37,2%	34,9%	34,3%
Fjármagnsliðir, nettó .....	19,0%	18,4%	38,8%	32,6%
Rekstrargjöld .....	117,0%	112,9%	129,1%	120,5%
Rekstramiðurstæða .....	-21,7%	-18,0%	-36,2%	-26,0%
<i>Í þúsundum króna á íbúa:</i>				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður .....	384	383	383	383
Þjónustutekjur og aðrar tekjur .....	183	178	415	407
Tekjur samtals .....	567	561	798	790
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar .....	691	662	1.087	996
Rekstramiðurstæða .....	( 124 )	( 101 )	( 289 )	( 206 )
	2008	2007	2008	2007
Eignir .....	1.051	858	1.581	1.392
Eigið fé .....	255	384	266	563
Skuldir .....	796	474	1.315	829
<i>Aðrar lykiltölur:</i>				
Veltufjárhlutfall.....	1,29	1,11	0,98	1,11
Eiginfjárhlutfall.....	0,24	0,45	0,17	0,40
Breyting á íbúafjölda:				
Íbúafjöldi 1. desember .....	17.522	17.253	17.522	17.253

Akureyri, 29. apríl 2009

**Nánari upplýsingar veitir Dan Brynjarsson, Fjármálastjóri, í síma 460 1000.**